KPMG

Fylgiskjal nr. 5

# Fjárfar ehf.

## Ársreikningur
## 2000

00066

# Efnisyfirlit


Skýrsla og áritun félagsstjórnar .......................... 3

Áritun endurskoðenda .......................................... 4

Rekstrarreikningur ............................................... 5

Efnahagsreikningur .............................................. 6

Yfirlit um sjóðstreymi ......................................... 8

Skýringar ............................................................. 9


ah/bb



00067

# Skýrsla og áritun félagsstjórnar

Félagið var stofnað síðla árs 1998 og var tilgangur með stofnun þess að fjárfesta í og eiga verðbréf.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2000 að fjárhæð 115,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 99,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Enginn starfsmaður vann hjá félaginu á árinu 2000 og var öll þjónusta aðkeypt.

Hlutafé félagsins nam í árslok 2 millj. kr.

Stjórn Fjárfars ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. september 2001.

Í stjórn félagsins:



00068

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í
Fjárfari ehf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjárfars ehf. fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1 - 9. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2000, efnahag þess 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000 í samræmi við samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 28. september 2001.

*KPMG Endurskoðun hf.*

# Rekstrarreikningur ársins 2000

| | Skýr. | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|
| **Fjármunatekjur og (-gjöld)** | | | |
| Arður af hlutabréfum | | 48.667.522 | 0 |
| Söluhagnaður af hlutabréfum | | 174.370.324 | 10.255.000 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | | ( 111.785.816 ) | ( 52.593.977) |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga | 2 | 45.951.096 | 25.132.800 |
| | | 157.203.126 | 17.206.177 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Aðkeypt þjónusta | | 329.039 | 114.542 |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | | 156.874.087 | ( 17.320.719) |
| Tekjuskattur | 5,8 | ( 41.648.809 ) | 0 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | 4 | 115.225.278 | ( 17.320.719) |



00070

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 3 | 1.138.879.171 | 1.084.100.000 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur | | 26.033.250 | 0 |
| **Eignir samtals** | | 1.164.912.421 | 1.084.100.000 |



00071

# Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 2.000.000 | 2.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 11.500.807 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | 85.880.236 | ( 17.208.519) |
| Eigið fé samtals | 4 | 99.381.043 | ( 15.208.519) |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 5 | 41.648.809 | 0 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 6 | 294.179.487 | 636.466.732 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Skammtímalán | | 259.624.635 | 168.037.619 |
| Áfallnir vextir og kostnaður | | 19.774.894 | 16.240.900 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 7 | 450.303.553 | 278.563.268 |
| | | 729.703.082 | 462.841.787 |
| Skuldir samtals | | 1.065.531.378 | 1.099.308.519 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.164.912.421 | 1.084.100.000 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 9 | | |



00072

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2000

| | Skýr. | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi | 4 | 115.225.278 | (17.320.719) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur og gengismunur langtímaskulda | | 16.143.724 | 10.629.496 |
| Söluhagnaður eigna | | (174.370.324) | (10.255.000) |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga | 2 | (45.951.096) | (25.132.800) |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | 5 | 41.648.809 | 0 |
| Veltufé til rekstrar | | (47.303.609) | (42.079.023) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | (26.033.250) | 7.793.492 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 3.533.994 | 11.447.408 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (22.499.256) | 19.240.900 |
| Handbært fé til rekstrar | | (69.802.865) | (22.838.123) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum | 3 | (2.705.670.498) | (1.084.100.000) |
| Seldir eignarhlutir í félögum | 3 | 2.870.577.031 | 485.500.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 164.906.533 | (598.600.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Tekin ný langtímalán | 5 | 336.100.000 | 453.400.504 |
| Afborganir langtímalána og yfirtekin lán | | (522.790.684) | 0 |
| Skammtímalán, breyting | | 91.587.016 | 168.037.619 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (95.103.668) | 621.438.123 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun á vísitölu neysluverðs innan ársins, sem var 4,2%.

   Bókfært verð á eignarhlutum í félögum í árslok 1999 er endurmetið með framangreindum verðbreytingarstuðli. Áhrif verðlagsbreytinga á stöðu peningalegra eigna og skulda eins og þær voru í byrjun reikningsársins eru reiknuð 46,0 millj. kr. og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi.

   Endurmatshækkun fastafjármuna og verðbreytingarfærsla eru færðar á annað eigið fé í efnahagsreikningi.

## Eignarhlutir í félögum

3. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Baugur hf., Reykjavík | | 50.341.868 | 567.000.925 |
| Baugur net ehf., Reykjavík | | 2.500.000 | 50.000.000 |
| Íslandsbanki FBA hf., Reykjavík | | 30.397.248 | 102.524.941 |
| SR-mjöl hf., Reykjavík | | 2.000.000 | 5.800.000 |
| Síldarvinnslan hf., Fjarðarbyggð | | 150.568 | 753.305 |
| Tryggingamiðstöðin hf., Reykjavík | | 7.788.679 | 412.800.000 |
| | | 93.178.363 | 1.138.879.171 |

## Eigið fé

4. Breytingar á eiginfjárreikningum:

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2000 | 2.000.000 | 0 | ( 17.208.519) | ( 15.208.519) |
| Endurmat á eignarhlutum í félögum | | | 45.315.380 | 45.315.380 |
| Tekjufærsla vegna verðlagsbreytinga | | | ( 45.951.096) | ( 45.951.096) |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 11.500.807 | ( 11.500.807) | |
| Hagnaður ársins | | | 115.225.278 | 115.225.278 |
| | 2.000.000 | 11.500.807 | 85.880.236 | 99.381.043 |



00074

## Skuldbindingar

5. Tekjuskattskuldbinding félagsins nemur um 41,6 millj. kr. í árslok 2000 en hún er tilkomin vegna frestunar á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum. Tekjuskattsskuldbindingin er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

## Langtímaskuldir

6. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Eftirstöðvar |
|---|---|
| Gengistryggð innlend lán, fjölmynta, vegnir meðalvextir 7,28% | 332.632.856 |
| Verðtryggð innlend lán, vextir 6,9% | 194.763.752 |
| Óverðtryggð innlend lán, vextir 14,25% | 217.086.432 |
| | 744.483.040 |
| Næsta árs afborgun | ( 450.303.553) |
| Langtímaskuldir samtals | 294.179.487 |

7. Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2001 | 450.303.553 |
| Árið 2002 | 98.059.829 |
| Árið 2003 | 98.059.829 |
| Árið 2004 | 98.059.829 |
| | 744.483.040 |

## Skattamál

8. Félagið mun hvorki greiða tekjuskatt né eignarskatt á árinu 2001 vegna frestaðs söluhagnaðar á árinu 2000 og neikvæðrar eiginfjárstöðu í árslok samkvæmt skattalegu mati eigna.

## Veðsetningar

9. Hlutabréfaeign félagsins í Tryggingamiðstöðinni hf. að nafnverði 7,8 millj. kr. og í Baugi hf. að nafnverði 50,3 millj. kr. er sett að handveði til tryggingar langtímaskuldum þess sem voru að eftirstöðvum 744,5 millj. kr. í árslok 2000.